



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

6.maí 2013

Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður

Erla Kristín Árnadóttir- Kraftlyftingadeild

Guðjón Norðfjörð –Gjaldkeri

Hildur S. Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild

Hreinn Októ – ritari

Gunnar Gíslason - handknattleiksdeild

Hafdís Guðmundsdóttir- varaf.

Hilmar Sigurðsson – Knattspyrnudeild

Bjarni Torfi Álfþórsson - verkefnastjóri

Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Óskar Hrafn Þorvaldsson boðaði forföll

Dagskrá:

- Yfirlit deilda
- Styrktarþjálfun
- Vorfagnaður 31.05.2013
- Erindi frá skattinum til íþróttafélaga
- Almenningsíþróttir
- Önnur mál

1. Yfirlit deilda.

Knattspyrnudeildin: Hilmar fór yfir stöðu knattspyrnunnar sem hefur gengið vel, meistarflokkur búinn að spila einn leik gegn KH sem vannst.

Handboltinn: Gunnar formaður handknattleiksdeildar fór yfir vetur sem hefur gengið vel. Grótta er að fara með 70 krakka á Partille Cup í Svíþjóð í sumar. Búið er að ráða þjálfara fyrir meistaraflokkana, Kára Garðarson kvenna og Gunnar Andrésson karla, verið að vinna í að finna þjálfara fyrir yngri flokka.

Fimleikadeildin: Hildur frá fimleikadeild sagði frá að Domino staðið sig frábærlega á EM í áhaldafimleikum í fjölþraut og var rétt við það að komast í úrslit. Hún er að fara að keppa á Smáþjóðaleikunum í Lúxemborg og svo mun hún keppa á alþjólegu móti í Hollandi og svo á Sumar Háskólaleikunum í Kazan í Rússlandi.

Kraftlyftingadeild: Erla sagði frá að það væru að fara keppendur frá Gróttu á HM fullorðinna og líka HM unglunga. Sagði frá kraflyftingamóti sem haldið verður í íþróttahúsi Seltjarnarness.

2. Styrktarþjálfun: Rætt var um að hafa sjúkraþjálfara til taks fyrir sem flestar deildir. Mikill vilji að halda Einari (sem hefur verið sjúkraþj. í vetur) hjá flestum deildum. Fimleikadeild óskar





eftir að fá afnot af sjúkraþjálfara. Farið yfir ósk Einars sjúkraþjálfara um hækkun launa. Beðið með afgreiðslu þangað til eftir fund hjá ÍTS 3.júní.

3. Vorfagnaður :Ákveðið að halda vorfagnað í vallahúsi 31.05.13. Kristín sér um að bjóða og halda utanum.
4. Erindi til íþróttafélaga frá skattinum: Guðjón gjaldkeri fór yfir erindi frá skattinum um skattskyldu íþróttafélaga, þar sem allir eigi að vera launþegar sem vinna hjá íþróttafélögum. Svo var líka rætt um að íþróttafélög eigi að innheimta vsk af sölu auglýsinga. Búið að ræða við UMSK og ákveðið að bíða með viðbrögð. Guðjón fylgist með þessu máli gaumgæfilega.
5. Almenningsíþróttir: Erindi kom frá TKS um samstarf við Gróttu. Verður boðað til fundar með TKS síðar.
6. Önnur mál: Rekstur íþróttahúss ræddur. Sagt frá Sjálfboðaliðsvef ÍSÍ. Gróttudagur ath með samtarf við menningarmálanefnd, íþrótt og menningahátíð Seltjarnarness? Samstarf við Soffíu Karlsdóttur . Gróttugolf

Boðað til fundar eftir 3. júní

Fundi slitið kl. 21:30

